

Eystrahorn

23. tbl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 18. júní 2020

www.eystrahorn.is

Útskriftarferð 10. bekkjar 2020

Við í tíunda bekk í Grunnskóla Hornafjarðar lögðum af stað í útskriftarferðina okkar þriðjudaginn 2. júní. Með okkur voru Nanna Dóra, umsjónarkennarinn okkar og Eygló aðstoðarskólástjóri.

Byrjuðum við á því að fara á kajak á Heinabergslóni með iceguide.is. Við fengum lánaða þurrbúninga, skó og hanska svo við myndum ekki blotna. Við fengum bæði eins og tveggja manna kajaka. Svo sigldum um lónið og stoppuðum til að fara upp á jökullinn, löbbaðum aðeins um þar áður en við fórum aftur í kajakana og sigldum til baka. Það var mikið fjör í hópnum, við skvettum hvert á annað og kepptumst um hver kæmist hraðast. Eftir kajakferðina heimsóttum við kúabúið í Flatey, sem er eitt af stærstu kúabúum á landinu. Við fengum að vita margt um kýr, hversu oft þarf að mjólka þær og margt fleira. Eftir það fórum við á Hala þar sem við fengum grillaðar pylsur og djús.

Síðan lögðum við stað í jöklagöngu með Glacier Adventures. Í göngunni sáum við hversu fallegur og stórbrotinn jökullinn getur verið. Klukkan var u.þ.b átta um kvöldið þegar við komum úr jöklagöngunni og fengum við þá kvöldmat á Gerði, súpu í forrétt, lasagna í aðalrétt og búðing í eftirrétt. Eftir kvöldmatinn héldum við kvöldvöku í hlöðunni á Hala, spiluðum og fengum okkur nammi, snakk og gos. Nálægt hlöðunni er kríuvarp og settum við á okkur hjálma og fórum að skoða eggin. Eftir það náðum við í bolta og fórum í boltaleik fyrir utan hlöðuna. Þegar klukkan fór að nálgast miðnætti fórum við inn. Við gistum á Gerði.

Daginn eftir byrjuðum við á því að fara í



Flottur hópur sem var að ljúka 10. bekk

siglingu í Jökulsárlóni á hjólabát Við vorum öll í einum báti og fengum leiðsögn um lónið. Eftir siglinguna fórum við í klettaklifur í Hnappavallahörmrum. Við vorum fest í öryggislinu til að hjálpa okkur í klifrinu og svo að við myndum ekki detta niður. Það var mikil áskorun fyrir loftþrædda að klifra en það var mjög skemmtilegt og maður varð mjög ánægður og stoltur af sjálfum sér þegar komið var niður. Það gátu bara þeir klifrað í einu og á meðan við biðum fylgdumst við með þeim sem voru að klifra, nutum góða veðursins og borðuðum kleinur sem við höfðum fengið í nesti frá Hala.

Þegar allir voru búnir að klifra nóg fórum við á Hrollaugsstaði og grilluðum okkur hamborgara og sykarpúða. Síðan fórum við á hestbak í Lækjarhúsum þar sem Snæsa tók á móti okkur og aðstoðaði með hestana. Á leiðinni heim úr ferðinni stoppuðum við í Brunnhól og fengum ís.

Við vorum einstaklega heppin með veður þessa tvo daga, sólin skein og það var frekar hlýtt. Það var tekið vel á móti okkur alls staðar og okkur langar til að þakka fyrir



góðar móttökur. Ferðin var lærdómsrík og skemmtileg. Við fengum góða leiðsögn á öllum stöðunum og við fræddumst mikið um jöklana og nærumhverfið. Það var gaman að upplifa hversu mikil og skemmtileg afþreying er í boði í kringum okkur.

Fyrir hönd 10. bekkjar
Selma Ýr Ívarsdóttir

Matarhátíð á miðsvæðinu

Matarbíll Evu er á vegum Evu Laufeyjar og Stöðvar 2. Matarbíllinn ferðast um landið með það markmið að kynna nýsköpun í matargerð og útbúa samlokur á hverjum stað úr því hráefni sem þau kynna í ferðinni. Markmiðið er að búa til matarhátíð á hverjum stað og bjóða samlokur með staðbundnu hráefni. Þau fá til liðs við sig veitingaaðila af svæðinu til að taka þátt í hátíðinni og einnig kynna þau sér starfsemi afþreyingaraðila og gististaða á ferð sinni um landið.

Eva Laufey byrjaði ferðina sína í Hornafirði með bátsferð á Jökulsárlóni og gisti eina nótt á Hótel Smyrlabjörgum og seinni nóttina á Hótel Brunnhól þar sem að hún kynnti sér einnig ísgerðina þar. Svo var efnt til hátíðar á miðsvæðinu í hádeginu þriðjudaginn 16. júní. Eva Laufey, í samstarfi með Íshúsinu Pizzeria, þróaði svo humarsamlokuna sem var í boði á svæðinu og fékk hún einróma



lof allra sem smökkuðu. Þá var Kaffi Hornið einnig á svæðinu með humarsúpuna sína góðu, Hótel Höfn með sushi og humarpizzur og Brunnhóll með jöklaís. Upphaflega átti matarhátíðin að vera á mánudagskvöld, en vegna veðurs var ákveðið að halda hana fremur í hádeginu á þriðjudeginum. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd lék blíðan

við gestina sem náðu að sóla sig í langri biðröðinni eftir humarloku. Matarhátíðin fékk frábærar viðtökur og mættu um 300 manns og eru allir sammála að gaman væri að efna til fleiri sameiginlegra viðburða fyrir heimamenn og gesti yfir sumartímann.



Þakkir

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför ástkærs föður okkar

Ingólfs Eyjólfssonar
Bogaslóð 15,
Höfn Hornafirði

Olga Ingólfsdóttir, Hrafnkell Ingólfsson og fjölskyldur



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Tímabundið starf- Áhaldahús

Auglýst er eftir starfsmanni í fjölbreytt starf við Áhaldahús Sveitarfélagsins. Um fullt starf er að ræða og þarf viðkomandi að geta hafið störf hið fyrsta. Starfið er tímabundið en nánari útfærsla þess er samkomulagsatriði.

Starfið felur í sér þátttöku í fjölbreyttum verkefnum í Áhaldahúsi Sveitarfélagsins. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af vinnu og viðhaldi á vinnuvélum auk vinnuvélaréttinda. Þá er kostur ef umsækjandi er með meirapróf.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi launanefndar Sambands Íslenskra Sveitarfélaga við FOSS eða Afl starfsgreinasamband.

Umsóknir skulu sendar á rafrænu formi á netfangið skuli@hornafjordur.is og er **umsóknarfrestur til og með 22. júní.**

Frekari upplýsingar um starfið veitir Skúli Ingólfsson, bæjarverkstjóri í síma 895-1473.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur: ... Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlarent

ISSN 1670-4126

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490



Frumherji

Bifreiðaskoðun á Höfn

22., 23. og 24. júní.

Tímamantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 19. júní.
Næsta skoðun 13., 14., og 15. júlí.

Frumherji

Þegar vel er skoðað



VILTU VERÐA HJÓLARI? FRÁBÆRT!

HJÓLARANÁMSKEIÐ

Á HÖFN, Í EKRUNNI VIÐ SKJÓLGARÐ

FÖSTUDAGINN 19. JÚNÍ 2020, KL. 16 – 17

Allir áhugasamir um að hjóla og verða Hjólarar, eru hvattir til að koma og vera með okkur á námskeiðinu. Við ætlum að fræðast um hjólið, sem er með rafmótor, prófa að hjóla og vera farþegar og fara yfir það sem við þurfum að hafa í huga til að notkun hjólsins verði ævinlega farsæl.

Sesselja Traustadóttir hefur haldið utan um Hjólað óháð aldri verkefnið frá upphafi hér á Íslandi, kemur og leiðbeinir okkur um notkun á hjólinu. Nánar um verkefnið á heimasíðunni www.hoa.is eða á Facebook síðunni Hjólað óháð aldri.

Námskeiðið á Facebook - <https://www.facebook.com/events/613182622884455/>

Upplýsingar veitir Einar Smári í s. 868 9880 eða í einarsmari@hornafjordur.is

Atvinna á Tannlæknastofu Héðins

Aðstoðarmaður tannlæknis
óskast til starfa.

Upplýsingar og umsóknir berist í gegnum
hedinn@tannsar.is eða í síma 864-2553

Ný raðhús við Víkurbraut




Byrjað var á framkvæmdum þann 13. júní

Nú eru hafnar framkvæmdir vegna byggingar á 8 íbúða raðhúsi.

Um er að ræða 8 þjónustuíbúðir fyrir 60 ára+ þar sem skv. deiliskipulagi er gert ráð fyrir möguleikum á þjónustu frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Þrjár íbúðastærðir eru í húsinu svo og geymsla, verönd út frá stofu og verönd við anddyri undir þaki.

Byggingaraðili er JEK ehf, Eiríkur Guðmundsson er byggingameistari en að verkinu koma verktakar frá Hornafirði og víðar.



Tölvuteikning af því hvernig húsið mun líta út

Mikil þörf hefur verið á íbúðum af þessari stærð á undanförunum áratugum og seldust því þessar íbúðir allar bæði fljótt og vel.

Húsin verða afhent fullbúin með öllum tækjum og innréttingum. Upphitun er gólfhiti og sérstakt vélrænt loftskiptikerfi með tilheyrandi loftræsilögnum tilheyrir hverri íbúð þar sem ferskt loft er hitað upp með útkastslofti. Rekstrakostnaður íbúða lækkar verulega og einnig minnkar ryk innan íbúðar verulega með tilkomu þessa kerfis og heilnæmi andrúmslofts íbúðar eykst.

Húsið er innflutt í timbureiningum. Jek ehf., vann að verkefninu með teiknistofunni Gláma•Kím. Árni Kjartansson og Kjartan Árnason auk Sigbjörns Kjartanssonar sem hönnuðu og teiknuðu húsin. Hér er um að ræða vönduð timburhús klædd með lerki að utan. Áætlað er að þau verði uppkomin nú í haust.

Snorri Snorrason fasteignasali

HEIMALEIKIR UM HELGINA			
FÖS. 19. JÚNÍ	15:00	4. FL. KVK	SINDRI/NEISTI - ÁLFTANES
FÖS. 19. JÚNÍ	16:30	4. FL. KK	SINDRI/NEISTI - ÁLFTANES
LAU. 20. JÚNÍ	16:00	3. DEILD KK	SINDRI - KFG
SUN. 21. JÚNÍ	14:00	2. FL. KK	ÍBV/KFS/SINDRI - AUSTURLAND
MÁN. 22. JÚNÍ	17:00	4. FL. KK	SINDRI/NEISTI - KFR

ALLIR Á VÖLLINN - ÁFRAM SINDRI



Körfuboltanámskeið Sindra

og Robert Nortmann

Frá 15. júní. - 2. júlí

Æft er Mánudaga, Þriðjudaga,
Miðvikudaga og Fimmtudaga

3-4. bekkur 12:40-13:30

5-6. bekkur 13:30-14:30

7-10. bekkur 17:45 - 18:55

Verðskrá

4.000kr vikan

25% systkinaafsláttur

50% við þriðja barn

100% fyrir fjögur og fleiri



Þrjár stöður rafvirkja á Austurlandi

RARIK ohf auglýsir eftir rafvirkjum til starfa á eftirtöldum starfsstöðvum fyrirtækisins:

Egilsstöðum - Fjarðabyggð - Höfn í Hornafirði

Hér er um fjölbreytt störf að ræða í öflugum vinnuflokkum sem vinna við dreifikerfi RARIK á Austurlandi. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Helstu verkefni

- Viðhald á dreifikerfi RARIK
- Eftirlit með tækjum og búnaði
- Viðgerðir
- Nýframkvæmdir
- Vinna samkvæmt öryggisreglum

Hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta
- Drifkraftur og geta til að vinna sjálfstætt
- Bilpróf

Nánari upplýsingar veitir Bergur Már Hallgrímsson, deildarstjóri framkvæmdasviðs á Austurlandi eða starfsmannstjóri RARIK í síma 528 9000. Umsóknarfrestur er til 6. júlí 2020 og skal skila umsóknum með ferilskrá á vef RARIK, rarik.is/atvinna.

RARIK ohf. er rekið sem opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RARIK er að dreifa raforku auk þess að afa, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vitt og breitt um landið.



Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi fyrir forsetakosningar 27. júní 2020

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar á sjúkrastofnunum og fangelsum í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi, fyrir forsetakosningar 27. júní 2020



Atkvæðagreiðsla á skrifstofum sýslumanns

Hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá embætti sýslumannsins á Suðurlandi á opnunartíma sýsluskrifstofa, kl. 09:00-15:00.

Síðustu viku fyrir kosningar verður opnunartími lengdur á skrifstofum embættisins sem hér segir:

- **Hafnarbraut 36, Höfn í Hornafirði**
24.-25. júní kl. 09:00-16:00.
26. júní kl. 09:00-18:00.
Kjördagur 27. júní vaktími 862-7095 opinn á milli 10:00-12:00.
- **Ránarbraut 1, Vík í Mýrdal**
24.-26. júní kl. 09:00-16:00.
Kjördagur 27. júní vaktími 694-8833 opinn á milli 10:00-12:00.
- **Austurvegi 6, Hvolsvelli**
24.-25. júní kl. 09:00-16:00.
26. júní kl. 09:00-18:00.
Kjördagur 27. júní kl. 10:00-12:00.
- **Hörðuvöllum 1, Selfossi**
22. 24. júní kl. 09:00-16:00.
25.-26. júní kl. 09:00-18:00.
Kjördagur 27. júní kl. 10:00-12:00.

Kjósendur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki.

Ábyrgð á atkvæði

Vakin er athygli á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila og ber af því kostnað, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra utan sinnar kjördeildar sbr. 2. mgr. 65. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi

Þeir sem eiga ekki heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms eða fötlunar, skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi til embættisins, fyrir kl. 16:00, þriðjudaginn 23. júní n.k.

Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá embættinu og á vefsíðunni www.kosning.is

Kosning á sjúkrastofnunum

Sjá auglýsingu á www.kosning.is og www.syslumenn.is

Ýmsar upplýsingar og eyðublað vegna komandi kosninga má fá á vefsíðunni www.kosning.is

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

21225 – FRÁVEITA SKAFTAFELLI – Jarðvinna, fráveitulagnir og hreinsibúnaður

Framkvæmdasýsla ríkisins, fyrir hönd Vatnajökulsþjóðgarðar, óskar eftir tilboðum í verkið: *Skaftafell – Fráveita. Jarðvinna, fráveitulagnir og hreinsibúnaður.*

Verkið felst í uppbyggingu nýrrar fráveitu í Þjóðgarði Skaftafelli. Fyrirhugað er uppbygging á skólphreinsistöð í Skaftafelli.

Verkkaupi óskar eftir verðtilboðum í jarðvinnu fyrir fráveitulagnir og niðurstæðing á hreinsistöð skólphreinsibúnaðar fyrir heildarsvæðið sem verkkaupi hefur fjárfest í.

Verkið felst í að endurnýja fráveitukerfi og setja upp dælu- og hreinsibúnað undir salernisaðstöðu og þjónustumiðstöð fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði í Skaftafelli.

Verk þetta felur í sér jarðvinnu, lagnavinnu, steypumannvirki, niðurstæðing á dælu- og hreinsibúnaði, reising léttar timburyfirbyggingar ásamt frágangi á stýribúnaði fyrir dælu- og hreinsibúnað.

Hreinsistöð sem verktaki þarf að koma fyrir og tengja skv. verklýsingu verður afhent verktaka á verkstað.

Skólphreinsistöðin mun taka við öllum skólpi frá Skaftafellsstofu ásamt tveimur hreinlætisaðstöðum á tjaldsvæði.

Helstu stærðir:

Uppgröftur.....	1.500 m3
Fyllingar.....	1.200 m3
Steypustyrktarjárn.....	3.800 kg
Steinsteypa.....	40 m3
Léttar yfirbyggingar úr timbri.....	3 x 10 m2
Fráveitulagnir.....	750 m
Brunnar.....	13 stk.
Rafmagnir og rör.....	700 m

Tilboðum skal skila rafrænt í TendSign útboðsvef Ríkiskaupa fyrir kl. 12:00 þann 8. júlí 2020.

Lok framkvæmdartíma er 31. október 2020.

Nánari upplýsingar má finna á www.utbodsvefur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Framlagning kjörskrár vegna forsetakosninga

Kjörskrá mun liggja frammi almenningi til sýnis á bæjarskrifstofunum í Ráðhúsinu frá 16. júní til og með 26. júní á almennum skrifstofutíma.

Kjörskráin miðast við skráð heimilisfang hjá þjóðskrá 6. júní 2020. Athugasemdir við kjörskrána berist bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar á netfangið afgreidsla@hornafjordur.is.

Í sveitarfélaginu Hornafirði eru fimm kjörstaðir í Hofgarði, Hrollaugstöðum, Holti, Mánagarði og Heppuskóla.

Í kjörstjórn eru Vignir Júlíusson, Zophonías Torfason og Reynir Gunnarsson.

Atkvæðagreiðsla utankjörfundar er hafin, kjósanda sem ekki getur kosið á kjördag er heimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar.

Hægt er að kjósa hjá öllum sýslumönnum á landinu. Atkvæðagreiðsla á erlendri grundu er líka hafin á vegum utanríkisráðuneytisins.

Sjá nánar á [kosningavef innanríkisráðuneytisins](http://kosningavef.innanrikisraduneytisins.is).



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is